


Tólf akadísk þjóðlög

Christina Raphaëlle Haldane

sópran

Carl Philippe Gionet

píanó



Listasafn Sigurjóns Ólafssonar
sunnudaginn 6. október 2024 kl. 20:00

Akadíanar (Franska: Acadiens) nefnast franskir innflytjendur og afkomendur þeirra sem settust að við austurströnd Kanada, í þá nefndri Akadíu, á 17. og 18. öld. Menn- ing þeirra er enn þann dag í dag rík af tónlist og frá- sagnarhefð og bera Tólf akadísk þjóðlög þess verðugt vitni. Þær útsetningar sem hér verða fluttar flétta saman gamla og nýja tíma og eru afrakstur langs og ítarlegs samstarfs píanóleikarans, rithöfundarins og listmálarans Carl Philippe Gionet og sópransöngkonunnar Christina Raphaëlle Haldane. Þær eru samdar fyrir rödd Christinu, og í anda fagurfræði nítjándu aldarinnar ljóðasöngs eða franskrar melódíu, þar sem söngrödd og píanó leika jöfn hlutverk.

Þjóðlög þessi hafa borist frá kynslóð til kynslóðar og valdi Carl til umritunar þau lög sem hann hafði lært af full- orðnum í æsku og bundin voru í hugskoti hans. Í útsetn- ingum sínum var hann þeim trúr en leyfði sér nokkurt frelsi með textana, sleppti úr, breytti röð og skóp endur- tekningar, allt til að auka dramatísk áhrif þeirra. Textarnir eru margslungnir, frá ýmsum tímum, löndum og þjóð- félagsstéttum og fjalla um ást og skilnað, hetjudáðir og klaufaskap og einfaldlega hvernig á að skilja heiminn.

Tólf akademísk þjóðlög

skráð og útsett af Carl Philippe Gionet

L'escaouette

Le rosier blanc
Runni með hvítum rósum

Le jardinier du couvent
Garðyrkjumaðurinn í nunnuklaustrinu

Wing tra la

Au chant de l'alouette
Við söng lævirkjans

Écrivez-moi
Skrifaðu mér

L'étoile du nord
Pólstjarnan

Le pommier doux
Hið sæta eplatré

La belle Françoise
Hin fagra Françoise

Tout passe
Allt líður hjá

Le prince Eugène
Eugène prins

Partons, la mer est belle
Förum, hafið er fagurt

Carl Philippe Gionet er eftirsóttur einleikari og meðleikari, en ekki síður sem leiðbeinandi og kennari víða um Kanada og Evrópu. Hann lauk doktorsprófi í píanóleik við Université de Montréal undir leiðsögn Paul Stewart og hefur hlotið sérhæfða þjálfun í meðleik í Austurríki og Englandi. Hann hefur lagt sig sérstaklega eftir menningararfleifð Akadíaana og árið 2013 stofnaði hann *Musique sur mer en Acadie* sem helgar sig miðlun klassískrar tónlistar meðal franska minnihlutans í Kanada. Síðan 2014 hefur hann verið leiðbeinandi við Breno Italy International Music Academy og Centre for Opera Studies and Appreciation í Kanada.

Auk tónlistarinnar stundar Carl bæði myndlist og ritsmíðar. Haldnar hafa verið sýningar á verkum hans beggja vegna Atlantshafsins og nú stendur sýningin *Laugarneshughrif* hér í safninu. Fyrir bók sína *Icare (Icarus)*, sem hann einnig myndskreytti, hlaut hann tilnefningu til Kanadísku Prix Antonine-Maillet-Acadie Vie verðlaunanna.

Christina Raphaëlle Haldane hefur sungið á tónleikum og í óperum víða um Evrópu, Norður Ameríku og Asíu. Má þar nefna Finnsku þjóðaróperuna, Konunglegu óperuna Covent Garden, Skosku óperuna og Musica Viva Hong Kong. Hún hefur sungið mörg af þekktustu meginhlutverkum óperunnar, en hennar sérsvið eru kvenhetjur Händels, kómísk *bel canto* hlutverk og samtímaóperur. Fremstu hljómsveitir hafa boðið henni að syngja með sér og hún hefur unnið með mörgum tónskáldum samtímans, en einnig nýtur hún þess að syngja á einleiks- og kammertónleikum. Fyrsti geisladiskur Christinu *...let me explain* hlaut mikið lof gagnrýnenda, en þar mátti heyra safn kanadískra laga, þjóðlög, djass og framúrstefnutónlist.

Christina er ástríðufullur kennari og almennur leiðbeinandi og hefur kennt á námskeiðum, t.d. í Breno á Ítalíu. Hún var fastráðin við Dalhousie háskólann í Halifax 2019-22, en gekk þá til liðs við Mount Allison háskólann í Sackville NB.

Carl og Christina eru frændsystkini af frönskum ættum - Akadianar - og tala jöfnum höndum frönsku og ensku. Árið 2022 gaf Leaf music og Naxos út geisladiskinn *TU ME VOYAIS* með flutningi þeirra, þar á meðal þeim Tólf akadískum þjóðlögum sem flutt verða á þessum tóleikum.